

Brynjólfur Brynjólfsson.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

kunngjörir: Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á fundi hennar 11. ágúst 1942

er herra **trésmið, Gísle Þórðarsyni**

leigð á erfðafestu lóð ^{nr. 24 við Álfaskeið} ~~nr. 16 við Linnetastíg~~, er samkvæmt meðfylgjandi

teikningu útmælist þannig:

Að norðan, meðfram Linnetastíg, 12.0 metrar.

" austan, meðfram Álfaskeiði, 15,5 metrar.

" Að sunnan, meðfram lóð Steingrims Steingrínssonar við Álfaskeið, 12.0 metrar.

Að vestan, meðfram lóð dánarbús Halldórs Auðunssonar, Linnetastíg 14, 15.5 metrar.

Lóðin er ferhyrningur í lögun og að stærð 184.99 fermetrar.

Aðalnúmer 534 A.-

Leiguskilmálar eru þessir:

1. gr.

Lóðin er leigð til þess að byggja á henni hús og mannvirki, svo og til ræktunar og yfir höfuð til hverra verklegra og vanalegra afnota, er eigi koma í bága við fyrirskipanir veg- og byggingarnefndar og fyrirmæli lögreglu- og heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Lóðin er leigð til erfðafestu, þannig að leiguliði hefir rétt til að selja og veðsetja afnotarétt sinn til lóðarinnar ásamt húsum og mannvirkjum á henni, en vilji hann selja erfðafesturétt sinn að öllu eða nokkru leyti, hefir bæjarstjórnin forkaupsrétt.

Hús og önnur mannvirki á lóðinni eru að veði fyrir lóðargjaldinu, og sé það eigi greitt í ákveðinn gjalddaga, má því til lúknings gjöra fjárnám í húsum öllum og mannvirkjum á henni án dóms og laga, samkvæmt 15. gr. laga, 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Flytji leiguliði öll hús af lóðinni eða felli þau niður á einhvern hátt og greiði eigi lóðargjaldið, gengur samningur þessi úr gildi, og fellur lóðin þá aftur til eiganda án uppsagnar.

5. gr.

Innan 3ja mánaða frá undirskrift sammings þessa skal leigutaki eða umráðamaður lóðarinnar hafa sett glögg og varanleg merki um lóðina, er sýni hornmörk hennar.

6. gr.

Leiguliði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð kunna að verða á erfðafestulóðir sem gjaldstofn.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, hinn 13. nóv. 1944



BÆJARSTJÓRINN
HAFNARFIRÐI

Við erfðafestubrési, sem þessu er samhljóða, hefi ég tekið, og skuldbind mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum.

Hafnarfirði, hinn 13. nóv. 1944



Vitundarvottar:


F. Sigurðeyrsd.
Stamb. J. Brúdal